

Skipulags- og umhverfisráð

Varðandi fyrirhugaðann vindmyllugarð í Sólheimum í Dalabyggð.

Sem landeigendur og bændur í Bæ 1 langar okkur að spyrja nokkurra spurninga.

1. Hvers vegna virðist vera misræmi milli teiknaða landamerkjna Sólheima og Bæjar annarsvegar og hins vegar Landamerkjabréfs Bæjar síðan 1889?
2. Er nauðsynlegt að raða 10 vindmyllum eftir endilöngum landamerkjum milli Sólheima og Bæjar?
3. Hversu háar eiga þessar myllur að verða? Það virðist vera mikið misræmi í uppgefnum hæðartölum.
4. Hljóðmengun? Allir útreikningar virðast miðast við eina myllu. Hver er hljóðmengunin af 10-30 myllum í hnapp?
5. Hefur hljóðmengunin verið rannsökuð? T.d. mælt annarsstaðar í heiminum?
6. Rafsegulsmengun? Er hún til staðar? Hefur það verið rannsakað?
7. Verður girt utan um vindmyllurnar? Ef ekki þá af hverju?
8. Úrgangur úr vindmyllunum í rekstri eins og brotnir spaðar, örplast, olíur, spennar og raflagnir. Hvernig er áætlað að fjarlægja þetta? Og hvert? Eru til samningar eða viljayfirlýsingar þar að lútandi?
9. Hafa verið gerðar áhættuáætlanir vegna a) olíuleka b) foktjóna c) eldsvoða (er t.d. áhætta að upp komi stór sinubruni?)

10. Er fyrirtækið tryggt fyrir hugsanlegum skaða sem myllurnar kunna að valda nágrönnum sínum í framtíðinni? T.d. afurðatjón í búfé eða eignarýrnun jarðar vegna skertra notkunarmöguleika.

Að lokum eru nokkrar athugasemdir, við hörmum hversu langt þetta mál er komið án nokkurs samráðs við næstu nágranna. Hjá okkur hafa komið upp hugmyndir um hugsanlega frístundabyggð norðan í og við Reyðarvatn/Reyðarvatnshæð, þessar vindmyllur munu gera það ómögulegt. Við efumst mjög um uppgæfin áhrif af hljóðmengun og rafsegulsmengun á búfé sérstaklega búfé, og teljum þau stórkostlega vanmetin.

Einnig er skýrsla um fuglalíf á svæðinu ekki tæmandi, í Bakkadal er arnarhreiður og í hreiðrinu voru sumarið 2020 3 fuglar þar með unga. Þarið hefur verið í dalnum nokkur undanfarin ár, Bakkaárvatn er efst í Bakkadal augnablik frá efstu vindmyllunum.

Þá teljum við augljóst að áhrif vindmyllanna verði neikvæð á hugsanlega sölu Bæjar í framtíðinni, og þannig einnig á veðhæfni jarðarinnar sem aftur hefur áhrif á fjárfestingar í búrekstri.

Gott væri að fá svör við spurningum okkar og viðbrögð við athugasemdum.

Heiðar og Sigrún

Bæ 1